



Formannafundur

1. formannafundur HSV starfsárið 2017-2018, 11.10.17 kl. 20:00. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsi.

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir Vestri aðalstjórn og körfuknattleiksdeild Vestra, Salmar Már Salmarsson handboltadeild Harðar, Marinó Hákonarson Hendingu, SFÍ, Kristinn Kristjánsson Golfklúbbi Ísafjarðar, Sólveig Pálsdóttir Blakdeild Vestra, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir SFÍ, Steinunn Einarsdóttir Gretti, Svavar Þór Guðmundsson knattspyrnudeild Vestra, Reynir Pétursson Kubba, Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður HSV og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri HSV sem ritaði fundargerð.
Svava Rán Valgeirsdóttir Stefni boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Sambandsþing UMFÍ 14.-15. október.
Formaður kynnti dagskrá sambandsþings UMFÍ sem haldið verður á Egilsstöðum næstu helgi. Kynnti sérstaklega framkomna tillögu um inngöngu íþróttabandalaga inn í UMFÍ og umræður stjórnar um þá tillögu. Formannafundur styður ákvörðun stjórnar.
2. Stjórnarhandbók HSV.
Framkvæmdastjóri hefur yfirfarið stjórnarhandbók HSV. Verður hún send til félaga fljótlega.
3. Uppgjör HSV til félaga eða deilda.
Framkvæmdastjóri óskar eftir álit formannafundar á hvernig haga skuli uppgjöri til deildaskiptra félaga. Formannafundur telur rétt að uppgjör HSV bæði fyrir verkefnasamning og uppgjör árs verði við aðalstjórnir félaga hér eftir en ekki einstakar deildir.
Marinó Hákonarson Hestamannafélaginu Hendingu vill bóka að hann er ósáttur við ákvörðun HSV um uppgjör lottópeninga og hestamannafélagið Hending áskilur sér rétt til að kanna sína stöðu og á hvaða forsendum ákvarðanir eru teknar.
4. Afreksform HSV
Í næstu viku hefjast sameiginlegar styrktaræfingar fyrir 12-15 ára. Tímar verða 2x í viku. Upplýsingar um skráningu, verð og fyrirkomulag verða sendar til félaga á morgun.
5. Starfið á haustönn
 - a. Íþróttaskóli
Aukinn fjöldi barna í íþróttaskóla vegna þess að stærri árgangar eru að koma inn í 1. bekk GÍ. HSV fékk auka styrk frá Ísafjarðarbæ til að koma til móts við þennan fjölda. Ljóst er að gera þarf einhverjar frekari ráðstafanir fyrir næsta vetrur en þá kemur einnig inn stór árgangur. Stundaskrá þarf að aðlaga sem og tímamagn. Forsvarsmenn þeirra félaga sem koma að íþróttaskóla verða boðaðir á fund á næstunni til að ræða framkvæmd skólans.
 - b. Samstarfssamningur



Formannafundur

Núverandi samningur rennur út um næstu mánaðarmót. Nú er unnið að endurnýjun hans.

c. Nýtt gólf á Torfnesi

Íþróttahúsið á Torfnesi verður lokað frá 4. desember þar sem skipt verður um gólf í húsinu. Til að koma að einhverju leiti til móts við þau félag sem missa tíma vegna þessa verður opnunartími annara húsa í bænum aukinn.

d. Knattspyrnu/fjölnotahús. Staða mála kynnt.

e. Leiguíbúðir frá Ísafjarðarbæ

Fjöldi leiguíbúða frá Ísafjarðarbæ til HSV er inn í samstarfssamningi. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála.

6. Önnur mál

- a. Líkamsræktaraðstaða á Ísafirði. Stjórn HSV samþykkir eftirfarandi ályktun og leggur hana fyrir formannafund HSV. Formannafundur samþykkir hana. *Héraðssamband Vestfirðinga hvetur bæjaryfirvöld til að vinna áfram að því að tryggja aðgang almennings á Ísafirði að líkamsræktaraðstöðu. Mikilvægt er að slíkt aðgengi sé tryggt til skamms tíma en einnig að fundin verði framtíðarlausn á þessum málum. Gott aðgengi að líkamsræktaraðstöðu allt árið um kring er afar brýnt fyrir heilsu og lífsgæði íbúanna.*
- b. Marínó óskar eftir að HSV skili inn viðskiptayfirliti um áramót um stöðu félaganna. Framkvæmdastjóri hefur sem vinnureglu að senda gjaldkerum fylgiskjal þegar gert er upp þar sem þessar tölur koma fram.
- c. Guðfinna nefnir að innan körfunnar hafi komið upp umræður um almenningssamgöngur. Er hægt að finna einhverja lausn til að auðvelda samgöngur á æfingar frá minni stöðunum? Svipað erindi kom inn á borð HSV í gær frá foreldrum á Þingeyri. Formaður tekur undir að þetta þurfi að komast í betra horf og verður málið skoðað.

Fundi slitið kl.21:00